

Fjallskilaseðill Suður-Dala 2017

Undanfarin misseri hefur fjallskilanevnd verið að skoða hvort hægt sé skipuleggja fjallskil með öðrum hætti en verið hefur, það skipulag sem við höfum unnið eftir er lítið breytt síðustu áratuginu og jafnvel lengur en þá voru sauðfjárbýli á svæðinu um 60 en eru nú um 20. Við þá skoðun á hvaða atriðum skipulag fjallskila ætti að byggjast á er fjallskilanevnd sammála um að:

- Fjallskil eigi að leggjast á hverja vetrarfóðraða kind.
- Að bændur fái sem líkast hlutfall af sínu fé til réttar út úr fjallskilavinnu.
- Að fjáreigendur eigi að bera langstærsta hlutann af fjallskilakostnaðinum
- Að reglur eigi að vera sem skýrastar og það eigi að vera sem fæst atriði sem hægt sé að hafa ágreining um.

Ekki verða gerðar neinar meginbreytingar á fjallskilum nú í haust, en við erum samt alltaf í ákveðinni þróunavinnu. Vilji fjallskilanevndar er að skoða þessi mál ennfrekar á komandi vetri og fá um það umræðu hjá bændum.

Leitir og leitardagar

Fyrsta leit á Bjarnadal fer fram föstudaginn 8. september.

Fyrsta leit á Sanddal, Geldingadal, Skarðsfjalli, Gautastaðamúla og Bakkamúla fer fram laugardaginn 16. september.

Fyrsta leit á Vatnsfjalli fer fram sunnudaginn 17. september.

Fyrsta leit á Austurárdal fer fram fimmtudaginn 21. september.

Fyrsta leit á Suðurárdal, Hundadal og Svínbjúg fer fram föstudaginn 22. september.

Fyrsta leit á Villingadal, Skáladal og Þverdal fer fram 22. og 23. september.

Fyrsta leit á Vífildal og Laugardal fer fram laugardaginn 23. september.

Önnur leit á Bjarnadal fer fram fimmtudaginn 21. september.

Önnur leit á Bakkamúla fer fram föstudaginn 22. september.

Önnur leit á Gautastaðamúla fer fram laugardaginn 23. september.

Eftirtaldar leitir leitast samkvæmt ákvörðun leitarstjóra, þegar veður leyfir:

- Fyrsta og önnur leit á fjallsvæðinu frá Melahólfi um Gæsaahnúk.
- Önnur leit á Villingadal og Skáladal.
- Önnur leit á Austurárdal.
- Þriðja leit á Sanddal.

Á öðrum leitarsvæðum fer önnur leit fram laugardaginn 30. september.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Leitarstjórar

Bakkamúli: Þorsteinn Jónsson
Gautastaðamúli: Kjartan Jónsson
Svínbjúgur: 1. leit Ásgeir Salberg Jónsson
2. leit Valur Guðmundsson
Laugardalur: Guðmundur Freyr Geirsson
Vífilsdalur: Hörður Hjartarson
Hundadalur: Sigursteinn Hjartarson
Suðurárdalur: Sigursteinn Hjartarson
Austurárdalur: Guðbrandur Þorkelsson
Sanddalur - Mjóidalur: Finnbogi Harðarson
Geldingadalur: Finnur Haraldsson
Bjarnardalur: 1. leit Sigusteinn Hjartarson
2. leit Hörður Hjartarson
Vatnsfjall: Sigurður Hrafn Jökulsson
Skarðsfjall: Valberg Sigfússon
Villingadalur, Skáladalur, Þverdalur: Jónas Guðjónsson
Melahólf, Gæsaahnúkur: Valberg Sigfússon
Samsmölun Sveinatungu: Finnbogi Harðarson

Leitarstjórar skulu gæta þess að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum. Leitarstjórar hver á sínu svæði ásamt leitarmönnum skulu sjá um að koma ókunnugu fé til lögréttar. Vanti leitarmenn er leitarstjóra heimilt að ráða leitarmenn á kostnað hlutaðeigandi.

Réttir og réttarstjórar

Réttarhald í Fellsendarétt hefst kl. 14 sunnudaginn 17. september, mánudaginn 25. september og sunnudaginn 1. október. Réttarstjóri er Sigursteinn Hjartarson.

Réttarhald í Hólmarétt hefst kl. 10 mánudaginn 25. september og sunnudaginn 1. október. Réttarstjóri er Þorsteinn Jónsson.

Réttarhald í Kirkjufellsrétt hefst samkvæmt ákvörðun réttarstjóra laugardagana 16. september og 30. september. Réttarstjóri er Valberg Sigfússon.

Annað

Öllum landeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt sem er 1. október.

Dagsverkið er metið á 15.000 kr og eru 25,5 kindur í dagsverki.

Fyrsta, önnur og þriðja leit á Sanddal eru metnar á 1,5 dagsverk.

Í samráði við leitarstjóra á Sanddal verður flutningur á hestum sem fara suður fyrir fjöll skipulagður og greitt fyrir hann.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari ber þeim að greiða þau með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar eða fulltrúar í fjallskilanevnd tilkynna sveitarstjóra um það. Gjaldþagi fjallskilagjalda er 1. október og eindagi 31. október. Tekjur fjallskilasjóðs eru lögtakskræfar.

Fjallskilasjóður greiðir ekki fyrir flutning á fé frá öðrum svæðum nema í samráði við formann fjallskilanevndar og ekki eftir 15. október. Verðskrá flutninga var ákveðin eftirfarandi:

Jeppi með litla kerru (allt að 15 kinda),	130 kr/km + vsk.
Jeppi með stóra kerru (15 -25 kinda),	160 kr/km + vsk.
Dráttarvél með vagn (25+ kinda),	245 kr/km + vsk.

Ef kindur úr öðrum fjallskiladeildum koma fram eftir réttir ber að tilkynna það Herði Hjartarsyni í síma 434-1331 eða Finnboga Harðarsyni í síma 897-9603.

Fjallskilanevnd Suður-Dala,

*Hörður Hjartarson, formaður
Finnbogi Harðarson
Guðrún Þóra Ingbórsdóttir
Valberg Sigfússon
Þorbjörn Jólsson*